

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkróks hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli, fjárréttir, markaði og opinber uppboð, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölu-búða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar, sem almenningur kemur saman, skal fólk raða sér þannig, að sá, sem fyrr kemur, fái fyrr aðgang og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að að óþörfu nokkuð það, sem raskar næturro manna. Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan, né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur og annað heimilísfólk eða veldur því ótta.

5. gr.

Á förnum götum og vegum, eða þar, sem hætta stafar af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, skautum, sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða íþróttir, sem hindra umferðina.

Einnig er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum, bifreiðum, dráttarvélum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð um farinn veg, eða festa við þau sleða, handvagna eða annað, sem óþægindi eða hætta getur stafað af.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi sem liggja í bæjarlandinu né neins staðar neðan girðinga í bænum, né heldur innan takmarka hafnarinnar, né heldur kveikja í púðri, olíu, bensíni, skoteldum eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum. Á þessum slóðum má ekki heldur framkvæma neins konar sprengingar að þarflausu né heldur kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara.

Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu með skotelda, ef sérstaklega stendur á, enda séu leyfi bundin við ákveðin svæði. Án leyfis lögreglustjóra má ekki tendra hál eða ganga með blys.

Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og þer hæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar, sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum, sem lögreglustjóri samþykkir.

7. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri, né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

8. gr.

Enginn má ganga um dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem mishýður velsæmi eða raskar almennt reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir greiða kostnað þann, sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá auk áfallins kostnaðar enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjарfriði, er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu og ólátum.

10. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur Seyðisfjarðarkaupstaðar, í lóninu eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfninni, að hneykslun valdi.

11. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs, ef lögreglan krefst þess.

12. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn þer til, getur lögregluvaldið krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir

menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að biða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka, að svo miklu leyti sem tjón greiðist ekki úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

13. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda eða umráðamanns má enginn láta fyrirberast á afgirtum svæðum, húslóðum, húspökum, garðshliðum, tröðum eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, eða fara inn í hús eða garða manna í óleyfi.

14. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til þess að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sé slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tekur til. Börn eða unglingar yngri en 16 ára mega ekki selja vörur á almannafæri, nema með leyfi barnaverndarnefndar. Þó er börnum eldri en 8 ára heimilt að selja blöð, merki og happdrættismiða.

15. gr.

Enginn má ótillkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum Seyðisfjarðarkaupstaðar eða snerta á brunaboðum, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða.

Enginn má raska eða skemma rafmagnsleiðslur eða síma. Verði einhver valdur að slíku óviljandi, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

16. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að hlaupið snúi upp.

Gaddhrifur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotist af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um húið, að engin hæfta geti stafað af.

17. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsað svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Bæjarstjórn ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar mega standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til hægri handar.

19. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg Seyðisfjarðarkaupstaðar eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal

gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum eða endurskinsmerkjum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni.

Að öðru leyti gera hlutaðeigandi stjórnvöld og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur bæjarstjórn eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

20. gr.

Ekki má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli, eða þess konar á almannafæri, eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

21. gr.

Nú er hús svo hörlegt, að hætt er við því, að það hrynji, eða einhver hluti þess og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra.

Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg eða annarri girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú brennur hús og mannvirki eða það er flutt burt án þess, að annað sé byggt í staðinn, og er þá eiganda þess eða umráðamanni skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

22. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin eða byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra svo frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar, sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, leifar af verkefni og annað, sem af húsbyggingunni stafar, skal eigandi færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verk það, sem unnið er, að því verði við komið.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust.

Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

24. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem nota þau, skulu vera áreiðanlegir menn. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljóttist af slys eða hætta fyrir vegfarendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaraveg, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð

þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

25. gr.

Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárn laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki eða sé öðrum til tjóns og meiðsla. Sama gildir um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

26. gr.

Báta eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur bæjarstjórn og lögreglustjóri eða hvort um sig, látið fara slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann gerir það ekki sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

27. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

III. KAFLI

Um umferð á götum.

28. gr.

Umferð um götur bæjarins skal fara eftir reglum þeim, sem settar eru í umferðarlögum, eins og þau eru á hverjum tíma.

29. gr.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögregla gefur, einkum þegar farið er yfir þvera götu við gatnamót og þar sem viðvörðunarmerki eru sett. Þeir, sem fara akandi eða ríðandi um vegi, skulu, þá er þeir mæta einhverjum eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á hægri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götu-brún eða gangstéttarbrún, sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til vinstri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá biða, sem hefur farartæki á hægri hönd. Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu að sýna fyllstu varúð við vegamót, þótt þeir eigi þar umferðarréttinn.

Vegfarendum er skylt að hlýða tafarlaust leiðbeiningum og fyrirmælum, sem lögreglan setur um umferðina, hvort sem það er gert með uppfestum auglýsingum, með boðum, bendingum eða umferðarmerkjum. Þeim er og skylt að nema staðar samstundis og lögreglan gefur stöðvunarmerki.

Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má að börn séu að leik.

Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- eða ljósmerki, skal öllum vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

30. gr.

Ökumhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökumhraði aldrei vera meiri en 45 km

á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfar-
endur, gangstéttir eða byggingar.

31. gr.

Með bifreiðar og önnur farartæki skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstétt til hægri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til hægri handar en í löngum boga ef snúið er til vinstri handar.

Á götuhornum er bannað að aka fram úr farartæki, sem á undan fer. Sömu-
leiðis er bannað að stöðva ökutæki á gatnamótum eða fast við þau.

Þessi ákvæði gilda einnig um hestvagna, eftir því, sem við á.

32. gr.

Reiðmenn skulu ávallt gæta fyllstu varkárni á götum Seyðisfjarðarkaupstaðar og ekki ríða hraðar en töltferð.

Hestar, sem staddir eru í kaupstaðnum, skulu ávallt hýstir um nætur.

33. gr.

Það er bannað að aka eða ríða á móti skruðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

34. gr.

Ef ástæða þykir til vegna umferðarhættu, getur lögreglustjóri bannað akstur, hjólreiðar eða aðra umferð um vegi eða einstakar götur.

35. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, dráttarvélum og öðrum ökutækjum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregð-
ur að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða, ef þurfa þykir.

36. gr.

Ökumönnum er skylt að gæta þess, að hemlar, ljós, stýrisútbúnaður og allur öryggisútbúnaður bifreiða, dráttarvéla og annarra ökutækja sé ávallt í fullkomnu lagi.

37. gr.

Óheimilt er bifreiðarstjórum að gefa hljóðmerki, nema umferðin gefi tilefni til þess.

Bifreiðastjórar og aðrir ökumenn skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að valda eigi hávaða á annan hátt. Þeim ber að sjá um, að farþegar í vögnum þeirra hafi eigi neinn hávaða, er raski friði.

38. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar kunna að verða samkvæmt þeim lögum um notkun bif-
reiða.

39. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera þjalla, sem gefur hveltt hljóð og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri. Glituga skal hafa aftan á reiðhjólum.

Skýlt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólum og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til hjart er orðið að morgni.

Þar sem þarf sérstaka varúð má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólunum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skýlt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal nema staðar ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem yngri er en 14 ára.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

40. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseigum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðtækjaútbúnað einstakra manna.

41. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkrum hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum kaupstaðarbúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

42. gr.

Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður. Enginn má hleypa af skotvopni í eða nálægt byggð í kaupstaðnum.

43. gr.

Öllum er skýlt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan bæjarins. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósnum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið vandlega í gróf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

V. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar.

44. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmt-

anir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

45. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

46. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

47. gr.

Hverjum sem hefur veitingasölu, hverju nafni, sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

48. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

49. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11.30 að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en $\frac{1}{2}$ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

50. gr.

Í hverju veitingahúsi eða almennu samkomuhúsi skal eigandinn láta gera salerni og snyrtiherbergi, sem gestum er heimill aðgangur að í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu og í góðu lagi.

51. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slíkt leyfi.

Tekið skal fram um leið og leyfi er veitt, hvenær samkomunni skuli vera lokað. Einnig er heimilt að binda leyfi því skilyrði, að samkomuhúsinu (samkomustaðnum) skuli lokað fyrr en ákveðið er í 49. gr. og aðgangur ekki leyfður eftir lokunartíma.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrýminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann. Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. venjulegum reglum um starf lögreglumanna.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bága við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið. Banna má mönnum, sem hafa gerst brotlegir, aðgang að samkomum.

52. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 20 tímabilið 1. september til 30. apríl ár hvert og ekki eftir kl. 22 tímabilið 1. maí til 31. ágúst, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega á slíkum stöðum ekki vera á almannaferi eftir kl. 22 tímabilið 1. september til 1. maí og eftir kl. 23 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtunum, íþróttasamkomu eða frá annari viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustu veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin.

Ungmönnum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20, öðrum en sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin, að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, eftir kl. 20, nema í fylgd með foreldrum, forráðamönnum eða maka. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi veitingaleyfis síns um lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu að viðlögðum sektum gæta þess, að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessu ákvæði. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd um það ásamt lögreglu.

Bannað er að stúlkur innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útvist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar.

Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

53. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi bæjarstjórnar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem bæjarstjórn tiltekur í samræmi við ákvæði heilbrigðissamþykktar.

Bæjarstjórn ákveður hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til einstakra sýninga og ákveður hann þá gjaldið í bæjarsjóð.

54. gr.

Ef sýndar eru opinberlega myndir, sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi, hvort sem það eru ljósmyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Um samgöngur við skip.

55. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsemi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

56. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neysluvatni manna (hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða vatnsleiðslum eða í þróm og brunnnum). Vatnsból skulu vera vel varin fyrir öllum óþrifnaði og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim.

57. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri, né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

58. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í, eða grafa með öðrum hætti.

Skyldur er hver húsráðandi við götur bæjarins að sjá um, að haldið sé hreint um portum og annarri óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

59. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

60. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byggðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

61. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannaferi.

62. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmeið og þannig komið fyrir, að öruggt sé, að hundar nái ekki til að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvelli ílát með loki undir sull og innanmeið. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir heilbrigðissamþykkt og fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

Öll innfyli búfjár, sem ekki eru nytjuð, skulu grafin eða brennd, þegar í stað að slátrun lokinni, og skal þess gætt, að hundar nái ekki til þeirra.

IX. KAFLI

Um skepnuhald o. fl.

63. gr.

Alifugla, svo sem hænsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kaupstaðnum nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eiganda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

64. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má ekki láta ganga lausan í kaupstaðnum nema hann sé í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

65. gr.

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem er látinn ganga laus í bænum gagnstætt fyrir mælum samþykktar þessarar, skal lögreglan handsama. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust.

Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun hans og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina, eða, ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilega langs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt.

Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

Ef ætla má, að sama skepnan valdi ítrekuðu tjóni á ræktunarlóðum í bænum, skal lögreglunni skylt að sjá svo um, að hún verði send á afrétt á kostnað eiganda, en lógað, ef því verður ekki við komið eða skepnan leitar strax aftur til bæjarins. Jafnframt sæti eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar sektum, ef rekja má ágang búfjárins til vanrækslu þeirra.

66. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrir mælum bæjarstjórnar um hagbeit í landi kaupstaðarins, bæði hvernig hagbeit, upprekstri og smölun skuli hagað og gjöldum fyrir það. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

Auk ákvæða samþykktar þessarar gilda ákvæði heilbrigðissamþykktar um búfjárhald í bænum.

67. gr.

Bannað er að hafa hunda í Seyðisfjarðarkaupstað. Þó má lögreglustjóri leyfa þarfahunda á lögbýlum og minkaveiðihunda, enda séu þeir undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

Flækingshunda og hunda úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, er lögreglumönnum heimilt að handsama og lóga þegar í stað.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur eru réttdræpir.

Skýlt er lögreglustjóra að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga samkvæmt því, sem mælt er fyrir um lækningu hunda af bandormum.

68. gr.

Flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, skulu lögreglumenn aflífa.

X. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

69. gr.

Byggingarnefnd ákveður nöfn á götum og lætur festa upp töluspjöld og nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin, þar sem þurfa þykir.

Brot gegn reglum, er bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, setur um umgengi við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli og önnur opnber svæði, varða refsingu samkvæmt samþykkt þessari. Lætur bæjarstjórn birta slíkar reglur á viðeigandi hátt.

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

70. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar.

71. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

72. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum í bæjarsjóð, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu. Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í bæjarsjóð.

73. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

74. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 153 12. september 1941, sbr. auglýsingu nr. 94 30. júní 1954, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðinn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II. KAFLI

HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

- 2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.
- 2.3 Aðalheimtaugar.
Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/málaun	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr./m
63 A 1-fasa	40 680	Innifalið
63 A 3-fasa	43 910	—
100 A —	52 200	—
200 A —	84 130	—
315 A —	175 330	—
300 kVA —	245 030	Samkv. kostnaði
500 kVA —	409 010	—
800 kVA —	654 050	—

2.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

1) Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Sjái eigandi húsveitu um lögn frá útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarkassa eða stofntengikassa húsveitu á sinn kostnað, greiðir hann aðeins stofngjald, en annist þá sjálfur viðhald heimtaugarinnar.